

# Ljóðmæli 3

Gamanmál

**HLÍÐIN GRÆNA GRASID VÆNA,  
GRUND OG LÆNA,  
KRAFSAR HÆNA KORN VILL SPÆNA  
KÝRNAR MÆNA'Á FOSS OG SPRÆNA.**

## Gamanmál

*Nokkrar vísur í léttari kantinum*

### Um Blesa.

Hvass þú varst og hneggjandi,  
á hröðum fótum þínum.  
Núna ertu eggjandi,  
oní potti mínum.

Forðum beist í fax mera,  
fagur lékst með börnum.  
Leiður mun ég laxera,  
er leikur þú í görnum.

### Fjöllin I

Kalla ég í klettasnösu  
og kyrja fjöll á meðan  
þau voru í sumar græn af grösu  
og glæst þau voru héðan  
en núna eru þau föl af flösu  
og frekar blaut að neðan.

### Fjöllin II

Tærast blómin týnd í roki  
á tindanálinni.  
Það helltist niður hveitipoki,  
úr himnaskálinni.

### Kuldaljóð.

Nú er úti napurt mjög og nístir Kári,  
brytja má úr blautu hári,  
bíta kinnar frost í tári.

Er kaldir vindar blása birtist blautur dropi  
seytlar hann úr augnaopi  
eins og líttill hrognastropi.

## **Flensa**

Þreklaus eftir þrautir kvefs í þoku reika,  
kekkir slíms um kinnar leika  
kolstíflað er nefið bleika.

Hafði ei undan horið kom í heljarstöflum,  
þó stundum væri kyrrt með köflum,  
kinnhor var í háum sköflum.

## **Landlýsing**

Hlíðin græna grasið væna, grund og læna,  
krafsar hæna korn vill spæna  
kýrnar mæna'á foss og spræna.

## **Himininn og flóinn.**

Blágrár himinn horfir oní sjóinn.  
Í speglinum sér sjálfan sig:  
"sætur er nú flóinn"

## **Augnablik**

Sífellt tíminn sælu vekur  
sveiflast prik.  
Andartakið aldrei hrekur  
augnablik.

## **Vatnið**

Vatnið þekur vota jörð  
vatnið tekur.  
Vatnið hrekur vonarsvörð  
vatnið lekur.

### **Lausn**

Sjaldgæfa mér sýndi rausn  
sinnið í heilamerki.  
Í draumi fann ég fína lausn  
en finn hana nú hvergi.

### **Batavegur**

Gaurinn sem á götu lá  
gáttaður á legi.  
Steig upp, rak þá stórutá  
í Stein á batavegi.

### **Mýkt**

Ég er dauður, mjúkur, meyr  
mig skal salta'og reykja  
- stoppa upp og steikja.

### **Votir sokkar**

Ýmiss vandi veldur trega  
sem votir sokkar.  
Spillta þjóðin spekingslega  
nú spilin stokkar.

### **Gestabók**

Veisluföng og vistir þínar  
vekja kökk.  
því harðar voru hægðir mínar  
-hafðu þökk.

### **Jólaundirbúnингurinn**

Hús skal svampa hátt og lágt,  
hangiframpart reykja,  
kaupa lampalýsið hrátt  
og ljós með glampa kveikja.

## Beðið eftir vorinu

Vorblómið við vætu reis  
varlega og upp svo leit.  
"Hvað er svona brúnt og beis?"  
Beljan sem að á það skeit.

## Lausgirtur

Lausgirtur ligg ég í móum,  
lamaður umkringdur spóum.

## Hnakkar

Holdið veikt og hjartað reykt og hugur steiktur  
víður botninn vel er sleiktur  
vatnsgreiddur er kollur bleiktur.

## Í tunnum

Minn var hestur heldur rýr  
og hökkti undan þunnum.  
En bragðgóður og bestur nýr  
bitaður í tunnum.

## Lúpína

Áður var hér auðn og tóm  
augnadjásn mitt blíða.  
Lúpína mitt bláa blóm  
nú blasir þú við víða.

## Gefandi

Sló ég garðinn slefandi  
því slátturinn er gefandi:  
Þar skemmti ég mér skrefandi  
að skrítnum gufum þefandi.

## Fyrir svefninn

Nærboxur og náttloppur  
í næturhúmi.  
Það ætti'að duga einn koppur  
undir rúmi.

## Farmaður

Fauk yfir tindana fannhvíta mjöllin  
farmaður norpar um vegleysu hvítá  
hratt ei hann reikar um helbláu fjöllin  
hugsar um klósettið, mál er að skíta

## Ósiður

Fagurrauða flökkuskýið fangar ljósið,  
í birtingu ég á einn ósið  
alltaf míg ég bakvið fjósið.

## Afmælisvísa

Nú hallar þinn fótur til heljar mitt grey,  
hálf öld og limur þinn mjúkur sem smér.  
En það er í lagi þú feyskjaða fley,  
við fögnum og hlægjum nú duglega'að þér.

## Fyrirgefning

Dritið hvít frá fögrum fugl má fyrirgefa,  
en svara mun með hráum hnefa,  
ef hrægammur vill á mig slefa.

## Minnið

Heilinn minn er hálfert skran,  
sem hvít og strokað blað,  
Ýmislegt og margt ég man,  
en man þó ekki hvað

## **Hróp !**

Menn og konur, krakkar - öll !  
Kvikt og dautt !  
Varúlfar og vel byggð tröll !  
-Vatn er blautt.

## **Gólfíð**

Hallar undir öðrum fæti ofurlítið.  
Þetta finn ég bara'í bítið  
bölvað gólfíð er svo skrítið.

## **Nefkláði**

Nef í koppi, nasir bólgsna, nú mun hnerra.  
„Nei það ekki væri verra  
ef væri lyktin betri - herra.“

## **Tónar**

Vellir spóinn vinsamlega núna.  
Óma tónar yfir tún  
-ögn það pirrar kúna.

## **Saumaskapur**

Saumaskapur ergir ekki eldri konur.  
Þó oft heyrist þursadynur  
þegar lykkjufallið hrynnur.

## **Kreppukex**

Hjartasælan hógvær vex  
í hreinum dropa.  
Volgt og mjúkt er kreppukex  
í kaffisopa

## Sjóinn

Særinn græni geiflast  
og gráu spýtir köldu  
sæblár bátur sveiflast  
sjóveikur um öldu.

## Í belg og biðu

Skelþunnt allt og aum er tungan upp í haus og bakvið lungu og rétt við nef er þelið þungt og þraut frá tá og upp í pung.

## Lóukvæði

Fagurt tist í fugli er, sem flóann rennur.  
Bragðgóð lóan lék um tennur.

## Níðvísa

Baunin þín skröltir í skeltómum hausi,  
og skoltur þinn spýtir út orð einskisvert,  
svo blesсаður hættu'þessu helvítis rausi  
það heyrist ei skýrt hversu treggáfaður ert

## Ég er skál

Ég er glasið sem dropann um dreymir,  
og dásemdir andans í senn.  
Ég er fatið sem fagurt um stremmir,  
og fagna mér konur og menn.  
Ég er ráðið sem rónan oft teymir,  
og rismikla drauma ég brenn.  
Ég er skálin sem gúlsopann geymir,  
og gleymskunnar brunnur í denn.

## Ástarljóð í C-dúr

Í Bónusverslun hitti hana  
hjartað mitt tók bakföll þá  
ósköp tær var þraut og þrá  
-þetta'er ekki hægt að plana.

Hún stóð stinn og hrein við kælinn  
hrjúft var skinn (og hvað með það)  
gulrauð húð (sem hló mér að)  
-hér ég yrði'að vera gælinn.

„Með mér heim“ (hún maldar ekki  
í móinn) brátt ég henni strýk.  
Æstust leikar af fór flík  
-atlot góð ég nokkuð bekki.

Undir klæðum kjarninn mjúki  
klemmdu tennur laust í hann  
unaðssafinn út þá rann  
úr appelsínumeyrum búki.